

REGLUGERÐ

um vegabréf utanríkisráðuneytisins.

1. gr.

Utanríkisráðuneytið gefur út tvenns konar vegabréf, diplómísk vegabréf og sérstök vegabréf.

2. gr.

Í vegabréfum utanríkisráðuneytisins skal greina fullt nafn vegabréfshafa, stöðu, fæðingardag og -ár, fæðingarstað, heimilisfang, hæð, háralit og augnalit.

Í vegabréf skal enn fremur festa nýlega ljósmynd af vegabréfshafa, og skal setja á hana embættisinnsgli ráðuneytisins þannig að nokkur hluti innsiglisins komi fram á myndinni, en nokkur hluti utan hennar.

Taka skal fram í vegabréfi til hve langs tíma það skuli gilda.

Vegabréfshafi skal rita nafn sitt í vegabréfið með eigin hendi undir ljósmynd. Rita skal útgáfudag vegabréfs, undirrita það og stimpla með embættisstimpli ráðuneytisins.

3. gr.

Ráðuneytið skal halda sérstakar skrár yfir öll vegabréf, sem það gefur út, aðra yfir diplómísk vegabréf, hina yfir sérstök vegabréf. Skal þar skrá allar hinar sömu upplýsingar um vegabréfshafa og settar hafa verið í vegabréfið og auk þess festa þar ljósmynd af vegabréfshafa.

4. gr.

Þessir aðilar einir fá diplómísk vegabréf, enda séu þeir íslenskir ríkisborgarar:

1. Forseti Íslands.
2. Fyrirverandi forsetar Íslands.
3. Nánustu fylgdarmenn forseta Íslands, þegar þeir eru í fylgd með forseta.
4. Ráðherrar
5. Forsetar Alþingis.
6. Hæstaréttardómarar.
7. Ríkissaksóknari.
8. Umboðsmaður Alþingis.
9. Embættismenn utanríkisþjónustunnar skv. 1.–5. flokki 8. gr. laga nr. 39/1971 og þeir aðrir starfsmenn hennar sem reglur ráðuneytisins kveða á um.
10. Ráðuneytisstjórar.
11. Ríkisendurskoðandi.
12. Ríkissáttasemjari.
13. Biskupinn yfir Íslandi.
14. Aðalbankastjórar Seðlabankans.
15. Þeir sem gegna meiriháttar trúnaðarstörfum fyrir Ísland í fjölþjóðlegum ríkjasamtökum.
16. Fyrirverandi forsætis- og utanríkisráðherrar.
17. Fyrirverandi starfsmenn utanríkisþjónustunnar úr 1. og 2. flokki sbr. 8. gr. laga nr. 39/1971, sem látið hafa af störfum fyrir aldurs sakir.
18. Makar og börn þeirra sem taldir eru í 1.–17. tölulið; börnin þó að því tilskildu að þau hafi ekki náð 16 ára aldri.

5. gr.

Þessir aðilar einir geta fengið hin sérstöku vegabréf utanríkisráðuneytisins, enda séu þeir íslenskir ríkisborgarar:

1. Alþingismenn.
2. Skrifstofustjórar í Stjórnarráði Íslands.
3. Forstjórar helstu ríkisstofnana.
4. Skrifstofustjóri Alþingis.
5. Hæstaréttarritari.
6. Aðstoðarmenn ráðherra.
7. Starfsfólk utanríkisþjónustunnar, sem ekki er talið upp í 9. tölulið 4. gr.
8. Kjöræðismenn Íslands erlendis.
9. Borgarstjórinn í Reykjavík.
10. Forseti borgarstjórnar Reykjavíkur.
11. Þeir sem ferðast í opinberum erindum ríkisstjórnarinnar, þegar sérstaklega stendur á og að því tilskildu, að hlutaðeigandi ráðuneyti óski þess skriflega að vegabréf sé gefið út.
12. Fulltrúar Íslands í stjórn, á þingum eða í starfslíði fjölþjóðlegra ríkjasamtaka.
13. Þeir sem ferðast í erindum meiriháttar viðskiptasamtaka þegar sérstaklega stendur á.
14. Fyrirverandi ráðherrar.
15. Fyrirverandi hæstaréttardómarar.
16. Fyrirverandi ráðuneytisstjórar.
17. Fyrirverandi aðalbankastjórar Seðlabanka Íslands.
18. Þeir sem gegnt hafa meiriháttar trúnaðarstörfum í fjölþjóðlegum ríkjasamtökum.
19. Makar og börn þeirra, sem taldir eru upp í 1.–18. tölulið; börnin þó að því tilskildu að þau hafi ekki náð 16 ára aldri.

Ennfremur er heimilt að gefa út sérstök vegabréf til handa fyrirverandi starfsmönnum utanríkisþjónustunnar, sem ekki falla undir 17. tölulið 4. gr., svo og þeim sem greinir í 2.–5. tölulið, sbr. 19. tölulið þessarar greinar þegar þessir starfsmenn hafa látið af starfi fyrir aldurs sakir.

6. gr.

Þegar diplómátísk eða sérstök vegabréf eru gefin út til ákveðinnar ferðar, skulu þau eingöngu látin gilda fyrir þann tíma, er ætla má, að ferðin muni standa; ella má láta vegabréf þessi gilda allt að fimm árum.

7. gr.

Nú hættir maður að gegna starfi, er heimildin til að fá diplómátískt eða sérstakt vegabréf samkvæmt 1. gr. fylgir, og er þá vegabréfshafa skylt að afhenda utanríkisráðuneytinu eða næsta íslenska sendiráði vegabréf sitt.

Á sama hátt er skylt að afhenda utanríkisráðuneytinu eða næsta sendiráði vegabréf maka vegabréfshafa og barna hans, sem hafa fengið vegabréf samkvæmt 4. gr. 18. tölulið og 5. gr. 19. tölulið samtímis því, sem vegabréfshafi, samkvæmt því er segir hér að framan afhendir vegabréf sitt.

Ráðuneytið getur gert undanþágu frá aldursákvæðum 18. töluliðs 4. gr. og 19. töluliðs 5. gr. þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

8. gr.

Sendiráðum og fastanefndum Íslands heimilast að framlengja gildi vegabréfa utanríkisráðuneytisins fyrir þá starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem nefndir eru í 4. gr. 9. tölulið og

5. gr. 7. tölulið, sem og vegabréf fyrir maka þeirra og börn. Vegabréf þessi skal þó eigi framlengja til lengri tíma en svo, að vegabréfshafa gefist tími til að afla sér nýs vegabréfs frá utanríkisráðuneytinu, og aldrei lengur en til 6 mánaða í senn.

Gildi annarra vegabréfa má eigi framlengja nema að fengnu leyfi ráðuneytisins.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem gefin er út samkvæmt heimild í lögum nr. 18/1953 um íslensk vegabréf og lögum nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 126/1979 um vegabréf utanríkisráðuneytisins og reglugerð nr. 574/1981 um breytingu á þeirri reglugerð.

Utanríkisráðuneytið, 25. ágúst 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

REGLUGERÐ

um greiðslur vegna fastráðins fiskvinnslufólks.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til fyrirtækja sem starfrækja vinnslu á ferskum sjávarafli í frystingu, söltun eða skreið og gert hafa fastráðningarsamninga við fiskvinnslufólk sbr. það, er nánar segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Fyrirtæki sem falla undir ákvæði reglugerðar þessarar og sem hafa skuldbundið sig til þess að greiða fastráðnu fiskvinnslufólki föst laun fyrir dagvinnu þótt hráefnis Kortur valdi vinnslustöðvun, skulu eiga rétt til greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem hér segir:

Fyrir hvern heilan vinnudag umfram tvo sem fyrirtækið heldur fastráðnum starfsmönnum á launaskrá fær fyrirtækið greidda hámarksdagpeninga eins og þeir eru hverju sinni fyrir hvern starfsmann í fullu starfi en fyrir starfsmann í föstu hlutastarfi greiðist í samræmi við starfshlutfall hans samkvæmt fastráðningarsamningi.

Með vinnslustöðvun er átt við að sökum hráefnisleysis verði eðlilegri vinnslu ekki haldið áfram í fiskvinnslufyrirtæki eða einhverri deild eða vinnslulínu þess, enda taki stöðvun til meirihluta starfsmanna í hlutaðeigandi deild eða vinnslulínu.

Fyrirtækið á rétt á greiðslum samkvæmt þessari grein meðan vinnslustöðvun varir þó ekki lengur en fjórar vikur (20 greiðsludaga) í senn fyrir hvern starfsmann sem gert hefur fastráðningarsamning og aldrei lengur en í sex vikur (30 greiðsludaga) á hverju almanaksári fyrir hvern starfsmann sem gert hefur fastráðningarsamning.

3. gr.

Séu líkur á vinnslustöðvun vegna fyrirsjáanlegs hráefnisleysis skal fyrirtækið sem hyggst njóta greiðslu skv. 2. gr. með a.m.k. 5 sólarhringa fyrirvara tilkynna fyrirhugaða vinnslustöðvun og tilgreina orsakir hennar til vinnumiðlunar á staðnum eða þess sem lögum skv. ber að annast atvinnuleysisskráningu.